



RÖR

Slím eða vökvi í miðeyra

Upplýsingar

Miðeyrað er innan við hljóðhimnu eyrans. Það er loftfyllt holrúm, þar sem m.a. heyrnarbeinin (hamar, steðji og ístað) eru. Við eðlilegt ástand, leiða þessi bein hljóðið frá hljóðhimnunni til innra eyrans, sem sér um heyrnina. Miðeyrað þarf að hafa eðlilega loftrás um kokhlustina, sem tengir miðeyrað við kokið.

Vökvi í miðeyra kemur vegna truflunar á loftflæði um kokhlustina. Kokhlustin er óþroskuð og starfar ekki eðlilega hjá börnum fyrr en þau hafa náð 5-6 ára aldri. Auk þess veldur kvef eða ofnæmi þrota (eða bólgu) í kokhlustinni og stíflar hana.

Algengasta einkennið við vökvamyndun í miðeyranu er hellutilfinning og minnkuð heyrn. Stöku sinnum koma óþægindi við geispa eða kyngingu. Kvillinn dylst oft foreldrum því lítil börn geta ekki sagt frá að þau heyri illa.

Þegar vökvinn í miðeyranu er orðinn þykkur og slímkenndur þarf að fjarlægja hann. Það er gert með ástungu á hljóðhimnuna og slímið sogað út. Oftast er samtímis sett örsmátt plaströr í gegnum hljóðhimnuna og hleypir rörið lofti inn í miðeyrað og jafna þar þrýsting í staðinn fyrir kokhlustina. Plaströrið er yfirleitt látið vera kyrrt og er óþægindalaust ef það helst opið. Þau eru þó ekki látin vera lengur en 2 ár, því annars er aukin hættu á viðvarandi gati á hljóðhimnu.

Eftir aðgerðina

Aðgerðin er gerð í svæfingu og þegar aðgerðin er búin má foreldri vera hjá barninu inni á vöknun. Barnið má fara heim fljótlega eftir að það vaknar. Ef gefin eru forlyf fyrir svæfinguna þarf barnið að vera u.þ.b klukkustund á vöknun. Áður en barnið fer heim segir eyrnarlæknirinn þinn þér hvernig aðgerðin gekk og hvernig eftirmeðferðin er.

Fyrst eftir aðgerðina skal varast að óhreint vatn komist í eyru barns. Mælt er með að fara í sturtu fyrst á eftir og bíða með bað og sund. Leyfilegt er að fara í sund eftir viku. Ekki er ráðlegt að barnið fari djúpt í kaf. Daginn eftir aðgerðina má barnið fara í skólann eða leikskólann ef barnið er eins og það á að sér að vera.

Yfirleitt fylgja aðgerðinni ekki verkir. Barn getur verið órólegt eða sljótt fyrst er það vaknar eftir aðgerðina vegna svæfingalyfjanna. Leyfilegt er að gefa barninu Paracetamól miðað við þyngd, fylgið leiðbeiningunum á umbúðunum eða eftir fyrirmælum læknis.

Vökvi getur runnið úr eyranu fyrstu dagana eftir aðgerðina og er það eðlilegt, en vari rennslið lengur en 3 daga skal hafa samband við lækni.

Athugið – hreinsið aðeins ytra eyrað en ekki inn í hlust.

Upplýsingar má fá hjá vöknun í síma **463 0118** kl. 08:00-16:00.

Sími slysadeildar er 463 0803

Símatíma hjá aðgerðarlækni má panta hjá ritara HNE-deildar í síma **463 0111** kl. 13:00-14:00

Gangi þér vel